Listasafnið hefur hóað saman í yfirlitssýningu um verk **Harðar Ágústssonar** sem opnar á laugardaginn kemur á Kjarvalsstöðum. Þar eru dregin saman gögn um ævistarf þessa merka listmálara, kennara og fræðimanns sem hefur í hálfa öld verið drifkraftur í menningarlífi okkar og lagt gjörva hönd á ótalmargt: hönnun, listmálun, rannsóknir á húsagerðarlist, kennslu og víðsýna mennt í sjónlistum í víðum skilningi.

Sómi og stolt í sjónlistum

Það sætir raunar furðu að ekki skuli fyrr hafa verið dregið saman í eitthvert yfirlit um störf Harðar: Í kynningum Listasafnsins er svo komist að orði: „Hörður Ágústsson er fyrir löngu orðinn kunnur sem einn af fremstu og fjölhæfustu listamönnum þjóðarinnar. ... Hann hefur skilað margföldu lífsstarfi sem myndlistarmaður, hönnuður, kennari, gagnrýnandi, rithöfundur, fræðimaður á sviði sjónvísinda og brautryðjandi í rannsóknum á íslenskri húsagerðarsögu. Síðast en ekki síst er hann einn helsti baráttu- og hugsjónamaður á sviði íslenskra sjónlista, talsmaður þess að umbúnaðurinn sem slíkur eigi sér innihald og að mennt og menningararfur forms og lita sé engu síðri en orðsins list."


Nám og störf

Hörður stundaði nám við Menntaskólann í Reykjavík en sneri sér síðan að námi í myndlist við Handíðaskólann gamla. Hann hefur sagt frá því að hugur hans hafi í upphafi staðið til náms í arkitektúr en eftir nám í málaradeild skólans hélt hann til Kaupmannahafnar þar sem hann sótti tíma við Konunglegu Akademíuna sem hafði fóstrað marga landa hans í myndlist og var síðan í hópi þeirra sem sóttu til Parísar eftir stríðið. Hann kom heim og hélt sína fyrstu einkasýningu í Listamannaskálanum 1949 og bryddaði upp á nýjungum; auglýsti sýninguna í dagblöðum og hélt á sýningartímanum fyrirlestra um myndlist. Hann kom ekki að tómum kofunum. Þúsundir sóttu fyrstu sýningu hans enda var áhugi manna í Reykjavík í þann tíð mikill á myndlist og almenningur sótti myndlistarsýningar af lifandi áhuga. Það kom því strax í ljós í upphafi ferils Harðar að hann var í senn atvinnumaður í sinni stétt en með ríka þörf til að sinna fræðslu og vekja umræðu.

Maður margra fasa

Í texta Listasafnsins segir: „Það hefur löngum verið talinn aðall góðra verkmanna, að þeir hafi verið heilir og óskiptir í áhuga sínum á þeim sviðum, sem þeir helguðu líf sitt. En slík skilgreining er ekki einhlít, og það kemur ef til vill hvergi betur fram en í ferli Harðar Ágústssonar. Sá maður, sem vinnur í senn að list og könnun á heiminum, leitar þekkingar á fjölmörgum sviðum, kynnir sér þau í þaula og heldur síðan fram skoðunum sínum án tillits til tíðarandans, hefur á erlendum málum oft verið nefndur „Renaissance Man". Víst er að Hörður Ágústsson ber með sóma nafngiftina endurreisnarmaður íslenskra sjónmennta."

Það má til sanns vegar færa að Hörður gekk að hverju verki af ástríðu vísindamannsins, þess sem rannsakar og kannar viðfangsefni. Hann er því í hugsun af fornum skóla listvísindanna sem lítur á viðfangsefni listarinnar, manninn, heiminn, sálarlífið, sem vísindalegt efni til athugunar og krufningar.



Hörður Ágústsson *„Talsmaður þess að umbúnaðurinn sem slíkur eigi sér innihald og að mennt og menningararfur forms og lita sé engu síðri en orðsins list."* *DV-mynd GVA*

Fræðsla og rannsóknir

Þannig tók Hörður snemma að vinna skipulega að gagnrýnni umræðu um íslensk menningarmál. Hann var einn af stofnendum Vaka 1952 sem var skammlíft tímarit, en öllu lengur lifði Birtingur sem Hörður stofnaði 1955 ásamt fleirum og var gefinn út allt til 1968. Það var á síðum Birtings sem Hörður tók snemma að kalla menn til ábyrgðar um skipulag og húsbyggingar, setti fram viðmið hinnar upplýstu endurbyggingarstefnu sem þá var að taka til höndum í endurbyggingu Evrópu. Áhugi á húsagerðarlist leiddi hann síðan til þeirra grundvallarrannsókna sem hann hóf á sjöunda áratugnum og hafa skilað okkur grundvallarverkum um Reykjavík, Árbæ, Stykkishólm, Skálholt og Laufás, að ógleymdu hinu mikla verki um íslenska byggingarsögu sem lýkur með óskalista hans um varðveislugripi til framtíðar, einhverskonar erfðaskrá okkur til handa. Sú viðleitni leiddi Hörð löngu fyrr til framgöngu um húsafriðun, fyrst sem formaður Torfusamtakanna og síðar sem fyrsti formaður Húsafriðunarnefndar.

Kennsla og myndlist

En myndlistarmanni á Íslandi varð listin ekki að brauði í þann tíð. Hörður vann jöfnum höndum við hönnun, skreytingar og kennslu á árunum frá 1953. Hann kenndi við Myndlistarskólann í Reykjavík fram til 1962 þegar hann tók að kenna við Myndlista- og handíðaskólann sem hann helgaði starfskrafta sína allar götur til 1989, um tíma sem skólastjóri. Þar voru áhrif hans ómetanleg í upphafsferli margra kynslóða íslenskra myndlistarmanna.

Störf Harðar við kennslu, ritstörf og rannsóknir hafa oft varpað skugga á störf hans sem myndlistarmanns. Á þeim slóðum var hann ekki síður gjöfull. Áhrif hans á tilraunir íslenskra ljósmyndara á sjötta áratugnum skiluðu sér í merkilegum óhlutstæðum verkum sem eru skemmtilegt hliðarrými við abstraktið. Verk Harðar sjálfs gengu í gegnum hreina geometríu yfir í rannsókn hans á línunni í marglögðum fleti, bæði í vatnslit og teipi sem kallaðist á óvæntan hátt við tilraunir miklu yngri manna beggja vegna hafsins á sama tíma. Áhugamönnum um myndlistarsögu er því fengur í yfirliti um þann þátt í lífsstarfi hans.

Sýning og bók

Á sýningunni er reynt að varpa ljósi á framlag Harðar Ágústssonar á sviði myndlistar, hönnunar og byggingarlistar og „hvernig hinir ólíku þættir fléttast saman í einstæðu lífsverki, þar sem enginn þeirra verður skilinn án vitundar um hina," segir um sýninguna. Spurningin sem vaknar er: Dugar vestursalur Kjarvalsstaða til?

Það er ánægjulegt að vita að við undirbúning yfirlits þessa hefur Listasafn Reykjavíkur notið velvildar fjölmargra er hafa veitt upplýsingar og aðstoðað við rannsóknir á ferli Harðar Ágústssonar með einum eða öðrum hætti. Og ekki síður að í tengslum við sýninguna kemur út sýningarskrá sem höfundar telja sem fyrsta vísi að eins konar „handbók í Herði", sem á vonandi eftir að verða áhugafólki um feril þessa merka listamanns að gagni við frekari skoðun á listsköpun hans og rannsóknum. Sýningarstjórar eru Pétur H. Ármannsson, Eiríkur Þorláksson og Guðmundur Oddur Magnússon, og opnar sýningin á Kjarvalsstöðum á laugardag.

pbb@dv.is

Tosca er nærri

Það styttist í frumsýningu á Toscu í Íslensku óperunni. Uppselt er á frumsýninguna og fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða á aðra og þriðju sýningu. Það verða aðeins níu sýningar á þessari áhrifamiklu og glæsilegu óperu Puccini og vill Íslenska óperan vekja athygli á því að síðasta sýningin hefur verið flutt yfir á laugardaginn 12. mars í stað sunnudags 13. mars, þannig að óperuunnendur á Íslandi geta farið á tónleika stórtenórsins Placido Domingo án þess að þurfa að missa af Toscu í Óperunni. Það eru 15 ár liðin frá því að Íslenska óperan sýndi Toscu eftir Puccini, og nú er aftur komið að því að Íslendingar fái tækifæri til að sjá þessa vinsælu óperu, en þetta er fjórða sviðsetning óperunnar hér á landi.

Titilhlutverkið Toscu syngur Elín Ósk Óskarsdóttir og er gaman að segja frá því að fyrsta sviðshlutverk Elínar Óskar var einmitt Tosca sem hún söng í Þjóðleikhúsinu 1986. Hlutverk Cavaradossi syngur Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Scarpia, Ólafur Kjartan Sigurðarson, Angelotti, Bergþór Pálsson, Spoletta, Snorri Wium og kirkjuvörðinn Davíð Ólafsson. Kórinn skipa þrjátíu og sex manns. Hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky, leikstjóri er Jamie Hayes og leikmyndina hannar Will Bowen. Búningahönnuður er Þórunn María Jónsdóttir og lýsingu hannar Björn Bergsteinn Guðmundsson.

Skráning er hafin á námskeið Endurmenntunnar Háskóla Íslands og Vinafélags Íslensku óperunnar. Námskeiðið sem hefst 15. febrúar nk. fjallar um Toscu og Puccini. Kennari á námskeiðinu er Gunnsteinn Ólafsson tónlistarmaður. Skráning er hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Á námskeiðinu er farið í uppbyggingu tónlistarinnar, samspil hennar og textans grandskoðað og gætt að hvernig form tónlistarinnar stjórnar dramatískri framvindu verksins. Þrjú fyrstu kvöld námskeiðsins er fjallað um Puccini og Toscu og einstakir hlutar óperunnar teknir til nánari skoðunar með hjálp tón- og mynddæma. Síðasta kvöldið verður farið á sýningu í óperunni þar sem færi gefst á stuttu spjalli við nokkra af aðstandendum uppsetningarinnar. Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á óperuvefnum: www.opera.is



Elín Ósk Óskarsdóttir *syngur hlutverkið öðru sinni.*